

# Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2000

Samanburðarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblað vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, eftir atvikum, fylla út og skila í tengslum við ársuppgjör og skil á skattframtali 2000.

Eyðublað RSK 10.26 fylgir hjálagt. Þeir sem þurfa að skila eyðublöðum RSK 10.25 og/eða 10.27 þurfa hins vegar að nálgast þau hjá skattyfirvöldum. Einnig er hægt að sækja þau á upplýsingavef ríkisskattstjóra ([www.rsk.is](http://www.rsk.is)).

## 1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25

Þeir sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 1999 þurfa að fylla út samanburðarskýrslu virðisaukaskatts (árssundurliðun vegna rekstrar

1999) og skila henni til skattstjóra með skattframtali 2000.

Þeir sem aðeins hafa eitt virðisaukaskattsnúmer og telja fram til skatts á eyðublaðinu skattframtal rekstraraðila (RSK 1.04) þurfa ekki að fylla út samanburðarskýrslu virðisaukaskatts, enda skal samsvarandi sundurliðun gerð á skattframtali rekstraraðila.

## 2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26

Þessa skýrslu skal m.a. fylla út og skila þegar upplýsist um þörf á að leiðrétta fyrri uppgjör og skil á virðisaukaskatti, t.d. við ársuppgjör, sbr. hér á eftir.

Ef fram kemur mismunur í samanburðarskýrslu virðisaukaskatts eða skattframtali rekstraraðila á milli virðisaukaskattsskýrslna og ársreiknings samkvæmt bók-

haldi skal fylla út og skila þessari skýrslu, hvort sem mismunur er jákvæður eða neikvæður. Greiðsluskýrslu, ásamt greiðslu, skal þegar í stað skila til innheimtumanns ríkissjóðs, en inn eignarskýrslu skal skila til skattstjóra með skattframtali 2000.

## 3. Afstemmingarblað - RSK 10.27

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 1999 (almenn skil), júlí-des. 1999 (landbúnaðarskil) eða 1999 (ársskil). Afstemmingarblaði skal skila með skattframtali 2000.

Nánari upplýsingar veita gjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1112 og skattstjórar um land allt.

**GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA**